
**Sérstakir skilmálar fyrir eftirlífendalífeyrisþáttinn:
Höfuðstóll við andlát**

E 627

Kæri viðskiptavinur.

Eftirfarandi skilmálar¹ upplýsa þig um reglurnar sem gilda um ofangreindan þátt. Ef ekki er annað tekið fram í þessum skilmálum gilda Almennu tryggingarskilmálarnir fyrir grunnþáttinn eftir því sem við á.

Eftirfarandi er bein þýðing frumtextans sem er á þýsku. Þýðandi Veturliði Guðnason löggiltur skjalapýðandi í þýsku. Jóhann Guðnason löggiltur skjalapýðandi í þýsku uppfærði útgáfu Janúar 2008.

Með kveðju

Allianz

Efnisyfirlit:

- A Sérstakir skilmálar
- § 1 Hvað er tryggt?
- § 2 Hvaða viðbótarákvæði gilda um hagnaðarhlutdeildina?
- § 3 Hvenær getur þú hækkað tryggðan höfuðstól við andlát?
- § 4 Hvernig getur þú lækkað tryggðan höfuðstól við andlát?
- § 5 Hvernig getur þú útilokað þáttinn tryggðan höfuðstól við andlát?
- § 6 Hvernig er sambandið við grunnþáttinn?
- § 7 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?
- § 8 Hvað gildir um uppsögn?

A Sérstakir skilmálar

§ 1 Hvað er tryggt?

Látist hinn tryggði á tryggingartíma þáttarins höfuðstóll við andlát greiðum við þann tryggða höfuðstól sem umsaminn var í því tilvik. Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir greiðum við umsaminn tryggðan höfuðstól við andlát þess tryggða sem fyrstur fellur frá.

Látist fleiri en einn hinna tryggðu samtímis greiðum við tryggða höfuðstólinn aðeins einu sinni.

§ 2 Hvaða viðbótarákvæði gilda um hagnaðarhlutdeildina?

(1) Þátturinn höfuðstóll við andlát á hlutdeild í hagnaðinum út af fyrir sig. Hvaða flokki þáttur þinn tilheyrir sérð þú í tryggingarupplýsingunum þínum. Háð þeirri flokkun veitum við í byrjun hvers tryggingarárs þætti þínum hlutdeild í áunnum hagnaði (árlegir hagnaðarhlutar). Auk þess getur lokahagnaðarhluti bæst við í lok samningsins. Við birtum hagnaðarhlutaprósenturnar í ársskýrslu okkar, eða tilkynnum þér þær sérstaklega.

Þar að auki veitum við þættinum höfuðstóll við andlát hlutdeild í matssjóðunum. Þeim er deilt á tryggingarnar samkvæmt aðferð sem tekur mið af orsakarsamhengi. Þættinum höfuðstóll við andlát falla þó engir eða aðeins smávægilegir matssjóðir í skaut. Iðgjaldahlutdeildir höfuðstóls við andlát eru þannig reiknaðir, að þeir eru nýttir til að standa straum af áhættu- og rekstrarkostnaðinum. Það myndast því engar eða óverulegar upphæðir til fjárfestinga, sem nýta mætti til að byggja upp matssjóði.

(2) Stuðlarnir, sem hagnaðarhlutaprósenturnar miðast við, eru einkum háðar þættinum, aldri hins tryggða, lengd bið-/tryggingartímans og hæð tryggðs höfuðstóls við andlát. Þeir eru reiknaðir út skv. viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

(3) Hagnaðarhlutarnir eru, ásamt hagnaðarhlutum grunnþáttarins, notaðir á þann hátt sem tilgreint er í viðeigandi Almennum tryggingarskilmálum.

(4) Í viðbót við árlega hagnaðarhluta getur lokahagnaðarhluti bæst við þegar tryggingargreiðslan gjaldfellur. Hæð þessa lokahagnaðarhluta er ákveðin með tilliti til arðseminnar hverju sinni og þróunar dánartíðni. Lokahagnaðarhlutinn verður greiddur út í einni upphæð í lok samnings og hækkar lokahagnaðarhlutdeild grunnþáttarins.

§ 3 Hvenær getur þú hækkað tryggðan höfuðstól við andlát?

Hafir þú einnig innifalið tryggðan höfuðstól við andlát frá samningsgerð getur þú hækkað tryggðan höfuðstól við andlát án endurnýjaðs áhættumats. Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir nægir að einn hinna tryggðu fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

- Fæðing barns hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling
- Hinn tryggði byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem það krefst aðildar að fagfélagi eða ráði.
- Lok starfsmenntunar eða byrjun atvinnuþátttöku hins tryggða
- Hinn tryggði tekur lán til að fjármagna fasteign til eigin nota að verðgildi minnst 100.000 EUR.

Í þessum tilvikum má hækkaði tryggði höfuðstóllinn við andlát ekki fara upp fyrir tvöfaldan tryggðan höfuðstól til ellilífeyris. Ef við á skal jafnframt hækka tryggða höfuðstóllinn til ellilífeyris svo mikið að þetta skilyrði sé uppfyllt.

Ef tryggður höfuðstóll til ellilífeyris er samtímis hækkaður að minnsta kosti í sama hlutfalli og tryggður höfuðstóll við andlát, getur þú einnig hækkað tryggðan höfuðstól við andlát við eftirtalda atburði:

- Við giftingu hins tryggða
- Þegar hinn tryggði verður fullveðja

Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir nægir ef einn hinna tryggðu fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

- Þegar heil ár eru liðin frá upphafi tryggingarinnar, í fyrsta lagi 5 árum eftir samningsgerð eða síðustu hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát.

Til þess verður þú að sækja um hækkunina minnst 6 mánuðum fyrr.

Að öðru leyti gilda eftirfarandi forsendur:

- Fara verður fram á hækkunina innan 6 mánaða frá því að ofanefndir atburðir gerast
- Hinn tryggði eða allir hinir tryggðu eru enn ekki komnir yfir 53 ára reiknaðan aldur
- Hinn tryggði er eða hinir tryggðu eru ekki óvinnufærir
- Ekki er um að ræða tryggingu innan ramma ellilífeyris fyrirtækis eða innan hópsamnings.

Um hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát gilda eftirfarandi takmarkanir:

- Lágmarksupphæð: 2.500 EUR
- Hámarksupphæð: 25.000 EUR
- Hámarksupphæð við fleiri en eina hækkun: Samtals 50.000 EUR
- Hækkaði tryggði höfuðstóllinn við andlát má ekki fara yfir 250.000 EUR

Hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát og ef við á tryggðs höfuðstóls til ellilífeyris fer fram samkvæmt gjaldskráreglum sem um það gilda. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

- Örorkulífeyrisþáttur er ekki hækkaður með
- Þáttinn höfuðstól við andlát af slysförum er aðeins hægt að hækka sameiginlega með tryggðum höfuðstól til ellilífeyris og þá í sama hlutfalli. Hækkunin fer fram eftir gjaldskrárreglum sem það varða. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

§ 4 Hvernig getur þú lækkað tryggðan höfuðstól við andlát?

Þú getur lækkað tryggðan höfuðstól við andlát, svo framarlega sem gjaldskrárreglur grunnþáttarins heimila það. Þegar við á er aðeins hægt að lækka tryggðan höfuðstól við andlát sameiginlega með tryggðum höfuðstól til ellilífeyris og þá í sama hlutfalli.

Ef óskað er upplýsum við þig nánar um skilyrðin og um afleiðingarnar.

§ 5 Hvernig getur þú útilokað tryggðan höfuðstól við andlát?

Þú getur útilokað þáttinn tryggðan höfuðstól við andlát, svo framarlega sem gjaldskrárreglur grunnþáttarins heimila það. Í stað fyrri grunnþáttar fyrir ellilífeyri kemur þá nýr grunnþáttur með eftirfarandi greiðslum:

- Lifi hinn tryggði umsamin lok bið-/tryggingartímans, getur þú valið milli greiðslu umsamins tryggðs höfuðstóls og ævilangs tryggðs lífeyris.
- Við andlát hins tryggða fyrir umsamin lok bið-/tryggingartímans endurgreiðum við þau iðgjöld sem greidd hafa verið fyrir þáttinn til ellilífeyris, að frátöldum iðgjöldum fyrir aðra þætti sem hugsanlega voru innifaldir.

Hæð umsamins tryggðs höfuðstóls samkvæmt grunnþættinum breytist ekki.

Iðgjaldið fyrir nýja grunnþáttinn er reiknað út eftir reglum tryggingastærðfræðinnar.

Hafi aðeins tryggður höfuðstóll við lifun verið tryggður í fyrri grunnþætti gilda þær útreikningsforsendur og þau ákvæði fyrir nýja grunnþáttinn sem gilda á tímapunkti útilokunarinnar.

§ 6 Hvernig er sambandið við grunnþáttinn?

(1) Þátturinn höfuðstóll við andlát myndar eina heild ásamt grunnþættinum; ekki er hægt að halda honum áfram án grunnþáttarins.

(2) Þátturinn höfuðstóll við andlát fellur niður í síðasta lagi þegar grunnþættinum lýkur eða í síðasta lagi við upphaf lífeyrisgreiðslna úr grunnþættinum.

§ 7 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?

Þáttinn höfuðstól við andlát getur þú aðeins gert iðgjaldsfrían um leið og grunnþáttinn. Tryggður höfuðstóll við andlát sætir þá frádrætti eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar þar sem endurkaupvirðið samkvæmt § 8, málsgrein 1, er lagt til grundvallar.

Greiðslan úr iðgjaldsfría þættinum höfuðstóll við andlát er frá þeim tímapunkti þegar þátturinn er gerður iðgjaldsfrír, jafn há iðgjaldsfría tryggða höfuðstól grunnþáttarins.

§ 8 Hvað gildir um uppsögn?

(1) Ef þú segir tryggingu þinni upp, greiðum við – sé það fyrir hendi – endurkaupvirðið. Það er sett saman úr endurkaupvirði grunnþáttarins og endurkaupvirði annarra innifalindra þátta.

Endurkaupvirði þáttarins höfuðstóll við andlát er bótahöfuðstóll þáttarins höfuðstóll við andlát eins og hann reiknast á uppsagnardegi samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar á grundvelli iðgjaldareikniforsendna (§ 169 laga um tryggingasamninga (VVG)).

(2) Útreiknuð upphæðin í málsgrein 1 sætir frádrætti samkvæmt § 169, málsgrein 5, VVG. Frádrátturinn er settur saman úr frádrættinum vegna grunnþáttarins og frádrætti annarra innifalinnna þátta.

Frádrátturinn fyrir þáttinn höfuðstóll við andlát nemur 4,0% af samtölu umsaminna iðgjalda fyrir þáttinn höfuðstóll við andlát til uppsagnardags. Við beitum þessum frádrætti sem almennu mótvægi gegn hugsanlegri rýrnun (Risikogegenauslese) á núverandi tryggingarumfangi (Versicherungsbestand). Þessi frádráttur fellur niður við uppsögn á síðasta þriðjungi bið-/tryggingartímans.

Komi ekki til frádráttar við grunnþáttinn, beitum við ekki heldur frádrætti við þáttinn höfuðstóll við andlát.

Í tryggingarupplýsingunum þínum getur þú séð hvaða frádráttur gildir um trygginguna þína og nánari ábendingar varðandi rökin fyrir frádrættinum.

Þú hefur rétt til að færa fram sönnun fyrir því að í þínu tilfalli sé frádráttur ekki við hæfi eða aðeins í mun minni mæli.

(3) Þessu til viðbótar getur komið til endurkaupvirðis úr lokahagnaðarhlutdeildinni (sjá § 2, málsgrein 4). Upphæðin fæst með aðferðinni sem lýst er í tryggingastærðfræðilegu ábendingunum.